

**Útgáfa tíðniheimildar
á 450 MHz tíðnisviði
fyrir
langdrægt stafrænt farsímakerfi
sem þjóni landinu öllu og miðunum.**

Útboðslýsing

Mars 2007

**PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN,
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík**

Efnisyfirlit

| | | |
|------------------|---|-----------|
| 1 | Útboðsskilmálar | 3 |
| 1.1 | Almenn atriði..... | 3 |
| 1.2 | Lágmarksskilyrði varðandi fjárhagsstöðu..... | 3 |
| 1.3 | Lágmarkskröfur um útbreiðslusvæði | 3 |
| 1.4 | Tölvugert útbreiðslukort. | 4 |
| 1.5 | Lágmarkskröfur um hraða uppbyggingar | 4 |
| 1.6 | Tímasett framkvæmdaáætlun..... | 5 |
| 1.7 | Skipting tíðnisviðsins og afhendingartími..... | 5 |
| 1.8 | Samráð við rekstraraðila NMT kerfisins..... | 5 |
| 1.9 | Samrekstur með NMT kerfinu. | 5 |
| 1.10 | Lágmarksþjónusta | 6 |
| 1.11 | Mat á tilboðum og val á tíðnirétthafa..... | 6 |
| 1.12 | Kostnaður og gjöld..... | 6 |
| 1.13 | Takmörkun á fjölda umsókna. | 7 |
| 2 | Upplýsingar sem veita skal í umsóknum | 8 |
| 2.1 | Almennar upplýsingar..... | 8 |
| 2.2 | Starfsemi umsækjanda | 8 |
| 2.3 | Tengsl við önnur fjarskiptafyrirtæki. | 8 |
| 2.4 | Fjárhagsstaða | 8 |
| 2.5 | Tæknileg geta | 8 |
| 2.6 | Tæknileg útfærsla. | 8 |
| 2.7 | Útbreiðslusvæði og hraði uppbyggingar | 8 |
| 2.8 | Opinn aðgangur (valkvætt)..... | 9 |
| 2.9 | Réttar upplýsingar | 9 |
| 2.10 | Upplýsingaskylda Póst- og fjarskiptastofnunar. | 9 |
| 3 | Skilyrði sem fyrirtækjum verða sett í tíðniheimild | 10 |
| 3.1 | Handhafi tíðniheimildar | 10 |
| 3.2 | Upplýsingaskylda og eftirlitsúrræði | 10 |
| 3.3 | Heimild til tíðninotkunar | 10 |
| 3.4 | Fjarskiptavirki | 11 |
| 3.5 | Netbúnaður | 11 |
| 3.6 | Útbreiðsla..... | 11 |
| 3.7 | Framsalsbann | 12 |
| 3.8 | Breytingar á ákvæðum heimildarinnar | 12 |
| 3.9 | Afturköllun tíðniheimildar og önnur þvingunarúrræði (dagsektir) | 12 |
| 3.10 | Gjöld..... | 12 |
| 3.11 | Gildistími | 13 |
| 3.12 | Birting tíðniheimildar | 13 |
| <i>Viðauki 1</i> | <i>Tilboðsblað – Skuldbindingar umfram lágmarkskröfur</i> | <i>14</i> |
| <i>Viðauki 2</i> | <i>Kort af hafsvæði umhverfis Ísland</i> | <i>15</i> |

1 Útboðsskilmálar

1.1 Almenn atriði

Póst- og fjarskiptastofnun mun með heimild í 9.gr., sbr. 11.gr. laga um fjarskipti nr 81/2003 gefa út tíðniheimild til starfrækslu farsímanets á núverandi NMT tíðnisviði, að undangenginni auglýsingu og vali milli umsækjenda sem byggt verður á skilmálum sem fram koma hér á eftir. Aðeins einum bjóðenda verður úthlutað tíðnum.

Tíðniheimildin gildir fyrir allt landið og felur í sér eftirfarandi tíðnisvið:

452,9875 - 457,4875 MHz / 462,9875 – 467,4875 MHz (2 x 4,5 MHz)

Umsóknarfrestur er til kl 11:00 mánudaginn 7. maí 2007 og skal afhenda umsóknir í afgreiðslu Póst- og fjarskiptastofnunar, Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík, bæði á pappírs- og tölvutæku formi.

Spurningum varðandi úthlutunarreglur og framkvæmd má senda til Póst- og fjarskiptastofnunar með tölvupósti til gudmundur@pta.is og verður reynt að svara öllum skriflegum spurningum. Stofnunin áskilur sér rétt til þess að birta upplýsingar um spurningar og svör sem veitt eru við þeim á vefsíðu stofnunarinnar www.pfs.is.

1.2 Lágmarksskilyrði varðandi fjárhagsstöðu

Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi fjárhagsstöðu til að standa við uppbyggingaráform skv. tilboði sínu.

Að lágmarki skal umsækjandi leggja fram fullnægjandi gögn í umsókininni sem sýni fram á að eigið fé hans sé a.m.k. 100 milljónir króna og eiginfjárlutfall ekki undir 20% á uppbyggingartímanum.

Eftir að tilboð hafa verið opnuð getur Póst- og fjarskiptastofnun óskað nauðsynlegra upplýsinga um umsækjanda og skulu þær lagðar fram innan 7 daga frá opnun tilboða. Um er að ræða staðfestar upplýsingar um fjárhag og veltu umsækjanda undanfarin tvö ár, m.a.:

1. Ársreikninga síðastliðinna tveggja ára.
2. Yfirlýsingar viðskiptabanka umsækjanda um viðskipti hans.
3. Skriflega yfirlýsingu frá innheimtuáðilum ríkis og viðkomandi sveitarfélags þess efnis, að umsækjandi hafi greitt opinber gjöld undanfarin tvö ár og sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
4. Skriflega yfirlýsingu lífeyrissjóða starfsmanna umsækjanda um að hann hafi greitt iðgjöld í lífeyrissjóði undanfarin tvö ár og sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál. Með undirritun tilboðs veitir umsækjandi PFS heimild til að sannreyna upplýsingar hjá innheimtumönnum opinberra gjalda og vörsluaðilum lífeyrissjóða.

PFS hefur heimild til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að þeir hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, getur komið til þess að umsókn verði hafnað.

1.3 Lágmarkskröfur um útbreiðslusvæði

Lágmarksútbreiðsla er skilgreind þannig að hún verði sambærileg við þjónustusvæði NMT kerfisins, bæði til lands og sjávar. Við mat á stærð útbreiðslusvæðis verður aðgreint á milli stærðar þess á landi og á hafi úti.

Gerðar verða eftirtaldar lágmarkskröfur um útbreiðslusvæði, sbr skilgreiningu á svæði A í kafla 1.4:

- a) Útbreiðslusvæðið skal að lágmarki ná til 90% af heildar flatarmáli Íslands.
- b) Útbreiðslusvæðið skal að lágmarki ná til 135.000 ferkílómetra hafsvæðis undan ströndum landsins. Stærð þessi samsvarar svæði sem markast af línu sem er 30 km út frá landgrunnslínu og inn að strönd Íslands. Sjá kort í viðauka 2.

Ef umsækjandi skuldbindur sig til þess að láta farsímakerfið ná til stærra útbreiðslusvæðis en lágmarkskröfur segja til um, verður það metið sérstaklega ef velja þarf á milli umsækjenda skv. lið a) í kafla 1.11.

1.4 Tölvugert útbreiðslukort.

Umsækjendum skulu leggja fram með tilboðum sínum tölvugert útbreiðslukort. Tilgreina skal hvaða viðurkenndur hugbúnaður (Cell Planning Tool) er notaður við gerð kortsins. Allar helstu inngangsstærðir sem skipta máli við gerð þess skulu tilgreindar, t.d nákvæm staðsetning allra fyrirhugaðra móðurstöðva. Miða skal við tæknilega eiginleika notendabúnaðar, sem máli skipta í þessu sambandi og sem til er á markaðnum þegar tilboð verða opnuð.

Útbreiðslukortið skal sýna þrenns konar skiptingu útbreiðslusvæðis með tilliti til þess gagnaflutningshraða, sem verður á viðkomandi útbreiðslusvæði.

Svæði A: Lágmarksþjónusta, til þess að svæði teljist hluti útbreiðslusvæðis.

Talþjónusta og SMS er tryggð og gagnaflutningshraði a.m.k. 128 kbps í báðar áttir.

Svæði A verður lagt til grundvallar við mat á útbreiðslu, sbr. a) lið 18. kafla.

Auk þess skal kortið sýna tvö önnur svæði, þar sem tiltekinn lágmarks gagnaflutningshraði verður tryggður (hámarkshraði í niðurlagi aðgengilegur notendum á svæðinu).

Svæði B: Gagnaflutningshraði a.m.k. 1 Mbps til notanda (ath svæði B inniheldur einnig svæði C).

Svæði C: Gagnaflutningshraði a.m.k. 2 Mbps til notanda

Stærð svæða B og C verða lögð til grundvallar við mat á gagnaflutningshraða, sbr. lið b) í kafla 1.11.

Miða skal við að gagnaflutningshraði sé mældur utanhúss í 1,7m hæð

Umsækjandi skal tilgreina flatarmál svæða A, B og C í ferkílómetrum, annars vegar á landi og hinsvegar á sjó.

Umsækjanda verður heimilt að óska eftir breytingu á útbreiðslukorti, sem fylgir umsókn hans. Slíkar breytingar geta bæði tekið til staðsetningar móðurstöðva og útbreiðslueiginleika sendiloftneta. PFS mun taka afstöðu til slíkra óska á grundvelli stærðar dreifisvæðis og þess hve vel dreifisvæðið þjónar notendum, sérstaklega þeim sem ekki hafa aðgang að háhraða gagnaflutningsþjónustu.

PFS áskilur sér rétt til þess að leggja sjálfstætt mat á þau útbreiðslukort sem fram verða lögð og trúverðugleika þeirra.

1.5 Lágmarkskröfur um hraða uppbyggingar

1. júní 2008: Upphaf þjónustu á 1/3-hluta tíðnisviðsins.

Fjöldi móðurstöðva utan þéttbýlis skal vera að lágmarki 10.

1. október 2008: Fullri útbreiðslu náð á 1/3-hluta tíðnisviðsins, þ.e. allir fyrirhugaðir sendistaðir hafa verið teknir í notkun.

1. febrúar 2009: Heimilt að nota allt tíðnisviðið á öllum fyrirhuguðum sendistöðum, enda rekstri NMT-kerfisins hætt.

1. mars 2009: Full þjónusta í samræmi við tilboð.

Ef umsækjandi skuldbindur sig til þess að byggja farsímakerfið hraðar upp en ofangreindar lágmarkskröfur segja til um, verður það metið sérstaklega ef velja þarf á milli umsækjenda skv. lið e) í kafla 1.11.

1.6 Tímasett framkvæmdaáætlun

Umsækjandi skal í tilboði sínu leggja fram nákvæma, sundurliðaða og tímasetta framkvæmdaáætlun, sem sýni m.a. alla helstu áfanga varðandi hönnun kerfisins, pantanir og innkaup á vél- og hugbúnaði, samninga vegna aðgengi að nauðsynlegri aðstöðu fyrir móðurstöðvar og aðra innviði kerfisins.

PFS mun áskilja sér rétt til þess að fylgjast með framkvæmdaáætluninni frá einum mánuði til annars. Í því skyni er gert ráð fyrir að tíðniréttthafi afhendi skriflega framvinduskýrslu fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Að mati PFS þurfa eftirfarandi verkáfangar að lágmarki að koma fram:

1. Frumhönnun kerfisins: ákvörðun um staðsetningu og fjölda móðurstöðva
2. Staðfest pöntun á móðurstöðvum,
3. Afhendingartími fyrsta hluta móðurstöðva
4. Samningar um aðgengi að nauðsynlegri aðstöðu móðurstöðvar fyrir a.m.k. 90% móðurstöðva

Einnig er vísað til kafla 1.5 varðandi lágmarksuppbyggingarhraða og til þess að bjóðandi kann að vilja byggja kerfið upp hraðar en tilgreint er þar, sbr tilboðsblað viðkomandi.

1.7 Skipting tíðnisviðsins og afhendingartími

Tíðniréttthafi fær aðgang að ofangreindu tíðnisviði í tveimur áföngum:

Frá og með 1.2.2008 má taka 1/3 tíðnisviðsins í notkun, en frá sama tíma verður tíðniheimild vegna NMT kerfisins skert að sama skapi.

Frá og með 1.1.2009 má taka afganginn, þ.e. 2/3 tíðnisviðsins, í notkun, þ.e. þegar starfrækslu NMT-kerfisins verður hætt.

1.8 Samráð við rekstraraðila NMT kerfisins.

Tíðniréttthafi skal hafa samráð við rekstraraðila NMT kerfisins um hvaða hluti tíðnisviðsins verður tekinn í notkun í fyrsta áfanga. Ef ekki næst samkomulag um það fyrir 1. ágúst 2007 mun PFS úrskurða í málinu fyrir 1. september 2007.

1.9 Samrekstur með NMT kerfinu.

Bjóðandi skal sýna fram á að það kerfi, sem hann hyggst byggja upp, muni ekki valda truflunum á NMT kerfinu. Hann getur hins vegar ekki gert kröfu um að nýja kerfið verði ekki fyrir truflunum frá NMT kerfinu miðað við óbreyttan rekstur þess.

Í þessu skyni skal umsækjandi beita viðurkenndum aðferðum til þess að meta líkur á truflunum á milli kerfa. Má í því sambandi t.d. benda á Monte-Carlo eftirlíkingaraðferðina og SEAMCAT hugbúnaðinn sem byggir á henni. Sjá www.seamcat.org.

Umsækjandi getur einnig í þessu skyni vísað í reynslu við sambærilegar aðstæður, sem umsækjandi eða seljandi radíóbúnaðarins kunna að búa yfir.

1.10 Lágmarksþjónusta

Lágmarkskrafa er að veitt verði farsímaþjónusta sem er sambærileg við það sem nú tíðkast í GSM farsímakerfum. Í því felst að þjónustan nái til a.m.k. almennrar talsímaþjónustu, gagnaflutnings og smáskilaboða (sambærileg við SMS).

1.11 Mat á tilboðum og val á tíðniréttthafa

Ef velja þarf á milli umsækjenda, sem uppfylla lágmarkskröfur varðandi fjárhagslega stöðu og uppfylla aðrar lágmarkskröfur í útboðslýsingu verður litið til eftirfarandi atriða við val á tíðniréttthafa:

- a) 30% - Útbreiðsla umfram lágmarkskröfur, sbr. kafla 1.3
Þar af á landi 15% og á sjó 15%
Útbreiðslan verður metin út frá stærð þjónustusvæðis skv. tölvugerðu útbreiðslukorti, sbr. kafla 1.4.
- b) 30% - Gagnaflutningshraði, sbr. kafla 1.4
Við mat á stigum fyrir gagnaflutningshraða verður lagt til grundvallar samanlagt flatarmál B og C í km² (ath að flatarmál C er ávallt hluti af flatarmáli B og vegur því í raun tvöfalt). Hæsta tala gefur flest stig.
Svæði B og C eru skilgreind í kafla 1.4
- c) 20% - Opinn aðgangur á jafnræðisgrundvelli, sbr. kafla 2.8
- d) 10% - Notendabúnaður á markaði
Umsækjandi skal láta fylgja tilboði sínu staðfestar upplýsingar um notendabúnað, bæði nafn framleiðenda og tegund búnaðar, sem er í vændum næstu 12 mánuði. Lagt verður mat á fjölbreytni notendabúnaðar. Því fleiri framleiðendur og tegundir búnaðar sem í boði eru því betra.
- e) 10% - Áfangar og uppbyggingarhraði betri en lágmarkskröfur, sbr. kafla 1.5

Stig verða veitt þannig að sá sem best býður innan hvers liðar a) til e) fær fulla stigagjöf, sá sem næstbest býður fær 2/3 hluta, sá sem býður 3ja best fær 1/3 og aðrir fá ekki stig. Ef metið verður jafnt í einhverjum lið, skiptast möguleg stig jafnt á milli bjóðenda.

1.12 Kostnaður og gjöld

Árleg gjöld

Fyrirtæki sem fá úthlutað tíðniheimild skulu greiða árleg gjöld skv. ákvæðum laga um fjarskipti og laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Helstu árlegu gjöld eru rekstrargjald skv. 4. mgr. 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, sem er 0.30 % af bókfærðri veltu, tíðnigjald skv. 5. tölulið 1. mgr. 14. gr. a) sömu laga, sem er kr. 256.500 fyrir hvert MHz (9 MHz x 256.500 kr/ári/MHz = 2.308.500 kr/ári), og jöfnunargjald skv. 3. mgr. 22. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, sem er 0.12 % af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækis.

1.13 Takmörkun á fjölda umsókna.

Hver umsækjandi má aðeins senda inn eina umsókn. Leggi umsækjandi eða aðili úr sömu fyrirtækjasamstæðu inn fleiri en eina umsókn mun PFS taka til úrvinnslu þá umsókn sem flest stig fékk. Hið sama gildir ef að umsóknum stendur aðili sem á ráðandi hlut í fleiri en einum umsækjanda.

2 Upplýsingar sem veita skal í umsóknum

2.1 Almennar upplýsingar.

Greina skal frá nafni, heimilisfangi, kennitölu, síma- og faxnúmeri og netfangi umsækjanda. Ef um er að ræða fyrirtæki skal upplýst um alla eigendur þess, sem eiga 5% hlut eða stærri. Ef um er að ræða fyrirtæki í eigu annars fyrirtækis skal upplýst um eigendur hins síðara á sama hátt. Upplýsa skal hvert sé hlutafé og hversu mikið af því hafi verið greitt.

2.2 Starfsemi umsækjanda.

Umsækjandi skal gera grein fyrir núverandi starfsemi sinni; á hvaða sviði hún er og hvaða þjónusta er veitt ef einhver er. Ef umsækjandi stundar nú þegar fjarskiptastarfsemi skal hann lýsa henni í meginatriðum og taka fram hvaða net eru rekin og hvaða þjónusta er veitt og hvers konar viðskiptamönnum hún er ætluð. Skipurit fyrirtækis skal fylgja með umsókninni ásamt upplýsingum um hvaða deild eða deildir bera ábyrgð á umsókninni.

2.3 Tengsl við önnur fjarskiptafyrirtæki.

Umsækjanda ber að upplýsa um tengsl sín við önnur fjarskiptafyrirtæki. Upplýsa skal um beina og óbeina eignaraðild í öðrum fjarskiptafyrirtækjum, um sameiginlegan rekstur eða samstarf að öðru leyti.

2.4 Fjárhagsstaða

Umsækjandi skal leggja fram þær upplýsingar sem eru PFS nauðsynlegar til að meta fjárhagsstöðu hans, samanber skilmála í kafla 1.2.

Krafa er gerð um sundurliðaða fjárfestingaráætlun vegna fyrirhugaðs farsímanets og þjónustu og að sýnt verði fram á að fjárhagsstaða umsækjanda sé slík að hann geti staðið við uppbyggingu kerfisins.

2.5 Tæknileg geta

Umsækjandi skal gera grein fyrir reynslu sinni af stafrænum farsímakerfum auk starfsreynslu og menntun lykilmanna í starfrækslu þriðju kynslóðar fjarskiptantesins og þjónustu tengdri því. Jafnframt skal umsækjandi gera grein fyrir hvaða undirverktaka hann hyggur á samstarf við, ef við á.

2.6 Tæknileg útfærsla.

Umsækjandi skal tilgreina hvaða viðurkennda staðla farsímakerfið uppfyllir. Einnig skal tilgreina hvaða útgáfur staðlanna verða notaðar með tilvísun í ETSI, 3GPP, 3GPP2 eða önnur staðlasamtök, eftir því sem við á.

Umsækjandi skal upplýsa um markmið sín varðandi hve stórum hluta símtala verði að hámarki vísað frá í kerfinu á annatíma (frávísunarhlutfall).

PFS áskilur sér rétt til þess að leggja sjálfstætt mat á það, hvort sú tækni sem gert er ráð fyrir að nota sé í samræmi við viðurkennda alþjóðlega tæknistaðla.

2.7 Útbreiðslusvæði og hraði uppbyggingar

Með tilvísun í kafla 1.5 skal tilgreina þá útbreiðslu, sem bjóðandi skuldbindur sig til þess að hafa náð í samræmi við þá áfanga, sem skilgreindir eru hér að neðan:

- a) 1. júní 2008: Fjöldi móðurstöðva utan þéttbýlis tekinn notkun (lágmark 10): _____ stk
- b) Allir fyrirhugaðir sendistaðir teknir í notkun (lágmark 1.10.2008): _____ 2008

c) Allt tíðnisviðið tekið í notkun á öllum sendistöðum (lágmark 1. feb. 2009): _____

d) Full þjónusta í samræmi við tilboð (lágmark 1. mars 2009): _____

Umsækjendur skulu færa inn á sérstakt tilboðsblað, sem sýnt er í viðauka 1, fjölda sendistaða skv. lið a og dagsetningar skv. liðum b, c og d, sem þeir skuldbinda sig til að uppfylla.

2.8 Opinn aðgangur (valkvætt)

Umsóknir verða m.a. metnar með tilliti til þess hvaða áhrif fyrirætlanir umsækjenda muni hafa á samkeppni, sbr. c.-lið í kafla 1.11

Umsækjandi verður beðinn um að upplýsa um hvort hann muni veita opinn aðgang að netinu á jafnræðisgrundvelli. Í því felst að hann sé tilbúinn að skuldbinda sig til að bjóða öðrum fjarskiptafélögum til endursölu á heildsöluverði þá þjónustu sem hann selur sjálfur í smásölu á neti sínu.

2.9 Réttar upplýsingar.

Upplýsingar umsækjenda skulu veittar með bestu vitund. Rangar upplýsingar geta leitt til þess að umsókn verður hafnað eða ef upp kemst síðar til afturköllunar heimildar. Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að hafna umsóknum sem ekki fylgja upplýsingar í samræmi við þetta skjal.

Verði breytingar á högum umsækjanda frá því að umsókn er lögð inn en áður en að veitingu heimildar kemur og þær leiða til þess að veittar upplýsingar eru ekki réttar, skal umsækjandi tafarlaust upplýsa Póst- og fjarskiptastofnun þar um.

2.10 Upplýsingaskylda Póst- og fjarskiptastofnunar.

Að liðnum umsóknarfresti mun Póst- og fjarskiptastofnun birta nöfn umsækjenda, stigafjölda og áætlaðan uppbyggjarhraða. Umsækjendum er heimilt að óska þess að ákveðnar upplýsingar í umsókn þeirra falli undir viðskiptaleynd. Póst- og fjarskiptastofnun mun taka afstöðu til slíkra óska í samræmi við viðeigandi lög og reglur.

Útgefin tíðniheimild telst vera opinbert gagn og verður hún eftir atvikum birt opinberlega.

3 Skilyrði sem fyrirtækjum verða sett í tíðniheimild

Fyrirtækinu verður gert að standa við þær yfirlýsingar sem það gefur í umsókn sinni og sem liggja til grundvallar úthlutun, s.s. skuldbindingar um útbreiðslusvæði og hraða uppbyggingar. Verða þær upplýsingar, sem fram koma í umsókn, taldar til forsendna tíðniheimildarinnar.

Fyrirtæki geta gert ráð fyrir að ákvæði tíðniheimildar verði því sem næst í því formi sem rakið er hér á eftir í köflum 3.1 – 3.11. Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér þó allan rétt til að gera breytingar á þessum ákvæðum og bæta við ákvæðum áður en að veitingu heimildar kemur, ef nauðsynlegt þykir.

3.1 Handhafi tíðniheimildar

---(nafn fyrirtækis) ---, er hér með veitt tíðniheimild til uppbyggingar og starfrækslu farsímakerfis skv. ---- heiti þeirrar tækni sem notuð verður með tilvísun í viðurkennda staðla og staðlastofnanir ---- og á þeim tíðnisviðum, sem tilgreind eru í kafla 3.3.

3.2 Upplýsingaskylda og eftirlitsúrræði

Fyrirtækið skal sæta eftirliti með starfsemi sinni og fjárhag af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar, eins og nánar er kveðið á um í 4. gr. laga um Póst og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Póst- og fjarskiptastofnun er ennfremur heimilt að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 69/2003, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega allt eftir ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og innan þeirra tímamarka sem hún setur.

Sem hluti af eftirliti með starfsemi fyrirtækisins og fjárhagsstöðu getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að það afhendi henni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda þess og aðrar sambærilegar upplýsingar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækisins og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum um fjarskipti nr. 81/2003 eða lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, reglum eða einstökum ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Fyrirtækið skal láta Póst- og fjarskiptastofnun í té allar þær tölfræðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á fjarskiptamörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi fjölda notenda, stærð fjarskiptaneta, umferð um fjarskiptanet, fjölda bilana, fjölda kvartana, notendagjöld, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. Póst- og fjarskiptastofnun getur í þessum tilgangi sent út spurningalista með reglulegu millibili og ber fyrirtækinu að svara þeim innan þess tíma sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður.

Fyrirtækið skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun ef breyting er gerð á nafni þess, heimilisfangi eða fyrirsvari.

3.3 Heimild til tíðninotkunar

Fyrirtækinu verður heimilað að nota tíðnisviðið

452,9875 - 457,4875 MHz / 462,9875 – 467,4875 MHz (2 x 4,5 MHz)

Hafi fyrirtækið ekki tekið í notkun innan 12 mánaða frá dagsetningu heimildar þessarar að neinu leyti tíðnisvið það sem því er heimilað að nota skv. 1. mgr. áskilur Póst- og fjarskiptastofnun sér rétt til að afturkalla heimildina. Sama gildir ef þjónusta fyrirtækisins er lögð niður lengur en í 6 mánuði samfelld.

Póst- og fjarskiptastofnun getur farið fram á að fyrirtæki breyti eiginleikum tæknibúnaðar sem tengjast tíðniheimild í því skyni að efla hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr truflanavanda. Póst- og fjarskiptastofnun skal í samráði við fyrirtækið leitast við að halda kostnaði við slíkar breytingar í lágmarki.

3.4 Fjarskiptavirki

Fyrirtækinu er heimilt að setja upp fjarskiptavirki, önnur en búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, sem hluta af fjarskiptanetum sínum án sérstakrar heimildar hverju sinni.

Uppsetning radióstöðva (móðurstöðva), sem nota tíðnir skv. tíðniheimild þessari, er háð útgáfu leyfisbréfs. Tilkynna skal fyrirfram til Póst- og fjarskiptastofnunar um uppsetningu radióstöðva og tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radióstöð, þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, pólun geislunnar og sendistyrk. Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til að takmarka geislað afl á hverjum sendistað í þeim tilgangi að koma í veg fyrir líklegar truflanir, sbr. kafla 3.5.

Staðsetningu radióstöðva skal tilgreina í hnitum skv. ISN93 landshnitakerfinu, Lambervörpun.

3.5 Netbúnaður

Allur radióbúnaður sem notaður verður skal vera CE-merktur af framleiðanda til staðfestingar á því að búnaðurinn uppfylli kröfur R&TTE tilskipunarinnar (1999/5/EC).

Fyrirtækið skal tryggja að búnaður í þess umráðum valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum fjarskiptum.

Fyrirtækinu ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um truflanir sem því eru kunnar, hvort sem þær eru af völdum hans nets eða á því.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Fyrirtækið skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði þess.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla búnað, sem veldur alvarlegum truflunum eða bannað notkun hans sbr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Ef um verulegar og skaðlegar truflanir er að ræða sem ekki reynist unnt að koma í veg fyrir getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað réttindi til tíðninotkunar.

Fyrirtækið skal gera ráðstafanir til að halda í lágmarki áhættu almennings af rafsegulgeislun sem stafar frá aðgangsnétinu. Leitast skal við að staðsetja fjarskiptavirki þar sem almenningur verður fyrir sem minnstum áhrifum af slíkri geislun.

Fyrirtækið skal fara eftir fyrirmælum og reglum sem stjórnvöld kunna að setja um rafsegulgeislun þ.m.t. að fylgt sé ákveðnum stöðlum.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum í reglum eða viðeigandi stöðlum skal fyrirtækið bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvert öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal það fyrirtæki sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu eða hætta notkun búnaðar.

3.6 Útbreiðsla

Innan 10 virkra daga frá lokum tímamarka hvers áfanga samanber kafla 2.7 skal fyrirtækið upplýsa PFS skriflega um útbreiðslu kerfisins og helstu tæknilega eiginleika kerfisins á hverju svæði, sem hafa áhrif á þá þjónustu, sem veitt verður á hverju svæði. Meðal þess sem leggja skal fram eru tölvugerð útbreiðslukort, sbr kafla 1.4

Verði ekki staðið við uppbyggingu á tilsettum tíma eða ekki staðið við þær skuldbindingar sem fram koma í tíðniheimildinni, er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að afturkalla heimild þessa, ef um meiri háttar vanefndir er að ræða, samanber nánar kafla 3.9.

3.7 Framsalsbann

Tíðniheimildin er bundin við lögpersónu og kennitölu fyrirtækisins og er ekki framseljanleg eða yfirfæranleg á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né í heild.

3.8 Breytingar á ákvæðum heimildarinnar

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari til samræmis við breytingar á lögum og reglugerðum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum fyrirtækisins skv. heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

3.9 Afturköllun tíðniheimildar og önnur þvingunarúrræði (dagsektir)

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað heimild þessa ef fyrirtækið stendur ekki í skilum með þau gjöld og greiðslur sem því ber að greiða skv. lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, er veitt greiðslustöðvun eða verður gjaldþrota. Einnig getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað heimildina ef um brot er að ræða á ákvæðum heimildarinnar eða viðaukum hennar, framagreindum lögum og lögum um fjarskipti nr. 81/2003, reglugerðum um fjarskipti eða reglum settum af Póst- og fjarskiptastofnun eða einstökum á ákvörðunum hennar, þó ekki fyrir en fyrirtækinu hefur verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum innan 30 daga frá tilkynningu stofnunarinnar um brotið.

Póst- og fjarskiptastofnun áskilur sér rétt til þess, sbr. heimild í 12. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, að leggja á tíðnileyfishafa dagsektir allt að kr. 500.000 á dag fyrir hvern dag sem uppbygging stenst ekki tímasetta áfangaskiptingu skv. kafla 1.5. Mun upphaf dagsekta miðast við þær tímasetningar sem þar eru tilgreindar og verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt mánaðarlega þar til skyldunni hefur verið fullnægt. Einnig getur komið til þess að Póst- og fjarskiptastofnun beiti dagsektum ef umsækjandi víkur í verulegum atriðum frá framkvæmdaáætlun sinni skv. kafla 1.6.

Verði um að ræða verulegar vanefndir varðandi uppbyggingu á farsímanetinu og fyrirsjáanlegt að uppbyggingu þess verði ekki lokið á tilsettum tíma áskilur PFS sér enn fremur rétt til þess, skv. heimild í 5. mgr. 74. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 sbr. og 73. gr. þeirra, að svipta tíðnileyfishafa úthlutaðri tíðni og ráðstafa henni til annars aðila án útboðs.

3.10 Gjöld

Um gjöld sem fyrirtækinu ber að greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar fer skv. ákvæðum 14. gr. og 14. gr. a) laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.

Vegna álagningar rekstrargjalds skv. 14 gr. laga nr. 69/2003 ber fyrirtækinu að senda Póst- og fjarskiptastofnun áætlun um tekjur af leyfisskyldri starfsemi hvers árs eigi síðar en 8. janúar árið eftir. Að loknum almennum framtalsfresti skv. lögum nr. 90/2003 skal fyrirtækið senda Póst- og fjarskiptastofnun veltutölur að nýju og gera grein fyrir breytingum ef einhverjar eru frá fyrri tölum.

Vegna álagningar rekstrargjalds skv. 14 gr. laga nr. 69/2003 ber fyrirtækinu að senda Póst- og fjarskiptastofnun áætlun um tekjur af leyfisskyldri starfsemi hvers árs eigi síðar en 8. janúar árið eftir. Að loknum almennum framtalsfresti skv. lögum nr. 90/2003 skal fyrirtækið senda Póst- og fjarskiptastofnun veltutölur að nýju og gera grein fyrir breytingum ef einhverjar eru frá fyrri tölum.

3.11 Gildistími

Heimild þessi gildir í 15 ár frá útgáfudegi hennar.

3.12 Birting tíðniheimildar

Tíðniheimildin verður birt opinberlega, þar á meðal útbreiðslukort og staðsetning senda hverju sinni.

Viðauki 1 Tilboðsblað – Skuldbindingar umfram lágmarkskröfur

Blað þetta skal fylla út og láta fylgja umsókn. Blað þetta verður lesið upp við opnun tilboða.

Nafn umsækjanda: _____

Heimilisfang: _____

Kennitala: _____

Ef eftirfarandi skuldbindingar umsækanda eru umfram lágmarkskröfur, sem gerðar eru í útboðslýsingu, sbr. kafla 1.11, ráða þær við val á milli umsækjenda.

Útbreiðsla, sbr. kafla 1.3 (Tilgreina skal heildarútbreiðslu)

Útbreiðsla á landi: _____ % af yfirborði Íslands (lágmark 90%)

Útbreiðsla á sjó: _____ ferkílómetrar (lágmark 135.000 ferkílómetrar)

Gagnaflutningshraði, sbr. kafla 1.4

Samanlagt flatarmál svæða B: _____ ferkílómetrar

Samanlagt flatarmál svæða C: _____ ferkílómetrar

Samtals B og C: _____ ferkílómetrar.

Opinn aðgangur á jafnræðisgrundvelli, sbr kafla 2.8 (svara skal eingöngu með já eða nei)

() Já () Nei

Notendabúnaður á markaði, sbr lið d) í kafla 1.11

Áætlaður fjöldi framleiðenda notendabúnaðar sem er í vændum næstu 12 mánuði: _____ stk.

Áætlaður fjöldi mismunandi tegunda notendabúnaðar sem er í vændum næstu 12 mánuði:
_____ stk.

Áfangar og uppbyggingarhraði, sbr. kafla 2.7

1. júní 2008: Upphaf þjónustu á 1/3-hluta tíðnisviðsins. Fjöldi móðurstöðva utan þéttbýlis skal vera að lágmarki 10.

Tilboð: _____ stk móðurstöðvar

1. október 2008: Fullri útbreiðslu náð á 1/3-hluta tíðnisviðsins, þ.e. allir fyrirhugaðir sendistaðir hafa verið teknir í notkun.

Tilboð: _____ (dagsetning)

1. febrúar 2009: Heimilt að nota allt tíðnisviðið á öllum fyrirhuguðum sendistöðum, enda rekstri NMT-kerfisins hætt.

Tilboð: _____ (dagsetning)

1. mars 2009: Full þjónusta í samræmi við tilboð.

Tilboð: _____ (dagsetning)

Viðauki 2 Kort af hafsvæði umhverfis Ísland

Sjá sérstakt skjal á www.pta.is